

## REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi.

### 1. gr.

Þegar Skútustaðahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því í aðalræsið (götuæð), og annast viðhald þeirra.

Vanræki einhver að láta gera holræsi (heimæð) innan hæfilegs frests, getur hreppurinn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

### 2. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með holræsakerfi hreppsins s.s. viðhaldi, endurbótum og aukningu þess. Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum manni slíka umsjón.

### 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt (heimæð), skal hann hafa fengið leyfi hreppsnefndar til þess. Öll slík leyfi skulu skráð í gerðabók hreppsins. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar (umsjónarmanns), að því er varðar gerð, lagningu og frágang heimæðar, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

### 4. gr.

Allur kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarstjóði.

### 5. gr.

Hverjum húseiganda sbr. 1. gr. er skylt að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins er nemur 0,3% af fasteignamati húss hans eins og það er á hverjum tíma. Gjaldþagi holræsgjalds er sá sami og fasteignagjalda, enda gjöld þessi innheimt sameiginlega.

### 6. gr.

Húseigandi greiðir holræsgjald, og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess., þótt hann hafi framselt afnotarétt eignarinnar.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, steðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð nr. 133/1969 um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi svo og reglugerð nr. 224/1967 um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi nr. 133 29. maí 1969.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 15.mars 2000.

staðf. með bréfi ráðun. 20.03.2000

Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.